

# LÖG

## um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 1.200 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. og 3. tölul. 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1., 2., 3. og 5. tölul. 2. mgr. kemur: 11.500 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: 3.500 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 5.700 kr.

#### 2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 3.500 kr.

#### 3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 3.500 kr.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 11.500 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 5.700 kr.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „9.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 10.300 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 35.000 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 11.500 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 17.200 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 5.700 kr.

#### 6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 6. gr. laganna kemur: 5.700 kr.

#### 7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 8. gr. laganna kemur: 1.200 kr.

#### 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.200 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 2.300 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 3.500 kr.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna, sbr. lög nr. 140/1995:

- a. 6. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 8. gr. laga nr. 13/1996 ..... 100.000 kr.
- b. 7. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 9. gr. laga nr. 13/1996 ..... 50.000 kr.
- c. 8. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir erlent fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 46. gr. laga nr. 13/1996,
  - a. sem starfar skv. 8. gr. laganna ..... 100.000 kr.
  - b. sem starfar skv. 9. gr. laganna ..... 50.000 kr.
- d. Í stað orðanna „10. tölul.“ í 13. tölul. kemur: 12. tölul., og í stað orðanna „13.–15. tölul.“ í 18. tölul. kemur: 15.–17. tölul.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 4.600 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „1.500 kr.“ í 2. tölul. kemur: 1.700 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „2.500 kr.“ í 4. tölul. kemur: 2.800 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 5. og 6. tölul. kemur: 2.300 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 7., 8., 9. og 11. tölul. kemur: 1.200 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „800 kr.“ í 10. tölul. kemur: 900 kr.
- g. Í stað fjárhæðarinnar „300 kr.“ í 12. tölul. kemur: 500 kr.
- h. Við bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
  - 13. Leyfi til nafnbreytinga, þó ekki nafnbreytinga skv. 2. málsl.
    - 1. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1996, um mannanöfn ..... 4.000 kr.
  - 14. Fyrir vottorð um íslenskan ríkisborgararétt ..... 1.200 kr.

## 11. gr.

Á eftir X. kafla laganna, sbr. lög nr. 1/1992, kemur nýr kafli, XI. kafli, **Gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða**, með einni grein, 17. gr., og breytast tölur kafla og greina í samræmi við það. Hin nýja grein verður svohljóðandi:

Fyrir staðfestingu á skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal greiða 5.000 kr. Þeir sem fara fram á staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað við birtingu skipulagsskráar í B-deild Stjórnartíðinda.

Lífeyrissjóðir, sem senda reglugerðir sínar til fjármálaráðuneytis til staðfestingar samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað af birtingu reglugerða í B-deild Stjórnartíðinda.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 88 31. desember 1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*